



Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd

Reykjavík, 14. nóvember 2005

HÁSKÓLI ÍSLANDS

HAGFRÆDISTOFNUN

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að endurheimta efnahagsiegna stöðugleika, 5. mál

Þann 7. nóvember, 2005, var Hagfræðistofnun beðin um umsögn á ofangreindri þingsályktun. Álit undirritaðs á einstökum tillögum er eftirfarandi:

Tillaga 1. Í meginatriðum byggist hagstjórn á því annars vegar að beita ríkisfjármálum og hins vegar peningamálum. Út frá hagstjórnarsjónarmiðum er því langt frá því augljóst af hverju ætti að miða stefnu hins opinbera í þróun tiltekinna atvinnuvega við hagstjórnina. Hagstjórn miðar að jöfnun hagsveiflna til skamms og meðallangs tíma. Atvinnuþróun hins vegar miðar að langtímauppbyggingu framleiðslugetu hagkerfisins. Þessu tvennu ætti ekki að blanda saman. Ekki er því hægt að fallast á að fyrsta tillaga sé rökrétt í hagstjórnarlegu tilliti, þó hún kunni að vera skynsamleg út frá liðum *c* og *e*.

Tillaga 2. Hægt er að taka undir þessa tillögu. Hún virðist skynsamleg en rétt er þó að vekja athygli á því að það er einmitt hlutverk Fjármálaeftirlitsins að fylgjast með þessum hlutum og allt virðist benda til þess að það sé þegar gert, bæði þar og reyndar einnig í Seðlabanka Íslands.

Tillaga 3. Ekki er hægt að taka undir þriðju tillögu. Í fyrsta lagi er beiting bindiskyldu í hagstjórnarskyni mjög gróf aðgerð sem ekki er tíðkuð meðal seðlabanka í þróuðum löndum. Er það meðal annars vegna þess að bindiskyldan bitnar ójafnt á fjármálastofnunum og getur þess vegna skekkt samkeppnisstöðu þeirra. Í öðru lagi hefur bindiskyldan áhrif á peningamagnsmargfaldarann og sífelldar breytingar á henni geta leitt til óstöðugleika í vaxtamyndun á peningamarkaði. Í þriðja lagi yrði lausafjárstýring fjármálastofnana mjög erfð ef að breytingarnar yrðu tíðar. Þá er að lokum rétt að benda á að hækkun bindiskyldu hefur beint áhrif á vexti og gengi rétt eins og hækkun stýrivaxta.

Tillaga 4. Hægt er að taka undir þessa tillögu án fyrirvara.

Tillaga 5. Hægt er að taka undir fyrri hluta þessarar tillögu, að fresta skattalækkunum, nema ef lækkuninni er mætt með a.m.k. samsvarandi niðurskurði á ríkisútgjöldum. Ekki er hægt að taka undir seinni hluta tillögunar því hún virðist kalla á aukin útgjöld og er hún því þensluhvetjandi, auk þess sem ekki er augljóst hvernig hún tengist því markmiði að ná fram efnahagslegum stöðugleika. Tillagan virðist fremur beinast að velferð tiltekinna hópa og erfitt er að sjá hvernig það kemur hagstjórn beint við.

Tillaga 6. Hægt er að taka undir þessa tillögu.

Virðingarfyllst,


Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður